

Nanna Briem er forstöðu-
maður geðþjónustu
Landspítalans. Mynd/gag



Vantar geðlækna í 10 stöður á Landspítala

Geðþjónusta Landspítala stendur nú frammi fyrir þeim vanda að geðlæknum hefur fækkað verulega á síðustu árum. Þar sem áður voru mönnum 30 stöðugildi eru núna 22 geðlækna í færri en 20 stöðugildum, segir Nanna Briem, forstöðumaður geðþjónustu Landspítalans.

■■■ Jóhannes Tómasson

„Ástæðan er meðal annars sú að innan heilsugæslunnar hefur verið komið á fót geðheilsuteymum og ráðnir þangað fjölmargir geðlækna á mjög skömmum tíma. Einnig útskrifum við ekki nógu marga sérfræðinga í geðlækningum. Það er því bráður skortur á geðlæknum,“ segir Nanna.

„Búnar hafa verið til nýjar stöður í heilsugæslunni í geðlækningum án þess að kannað hafi verið hvort mannaúdurinn sé fyrir hendi. Það hefur bitnað á Landspítalanum og nú vantar okkur sérfræðinga til starfa,“ segir Nanna Briem. „Það hefur ekki verið horft á heildarmyndina og þetta á við um stöður geðlækna og hjúkrunarfræðinga og annarra fagstétta.“

Spítalinn keppti ekki við heilsugæsluna

Starfsemi geðþjónustu Landspítalans fer nú fram á þremur stöðum í borginni, á Landspítala við Hringbraut, á Kleppi og við Laugarásveg. „Spítalinn sinnir legudeildum, göngudeildum og bráðaþjónustu. Hér eru sérfræðingar á vöktum og hjá okkur eru alvarlegustu og flóknustu vandamálin á þessu sviði og því oft mikið álag í starfinu. Það er sannarlega jákvætt að koma á fót geðheilsuteymum innan heilsugæslunnar og spennandi að taka þátt í nýjum verkefnum og skiljanlegt að sérfræðingar skuli hafa fært sig um set en það hefur bitnað á þjónustu Landspítala. Spítalinn getur ekki keppt við heilsugæsluna þar sem álagið er minna, ekki vaktir og húsnæði og starfsaðstaðan þar betri en hér. Auðvitað getur Landspítalinn verið betri vinnustaður og við þurfum að bæta úr því til að laða að okkur starfsfólk.“

Nanna segir að á næstu árum muni fáir ljúka sérfræðinámi í geðlækningum, líklega tveir til þrjár á næstu tveimur árum, en jákvætt sé að fleiri sýni þessari sérgrein áhuga. Námið fer fram á Landspítalanum og tekur fimm ár og hún segir ekki marga í sérnámi í geðlækningum ytra.

„En það eru fleiri á fyrsta og öðru ári núna en verið hefur áður. Þetta er öflugur hópur sem lofar góðu en það líða nokkur ár áður en við fáum fleiri sérfræðinga. Ég minni líka á að á næstu árum munu nokkrir sérfræðingar hætta vegna aldurs svo það verður áfram þörf á fleiri læknum og þessi þróun sýnir að verkefnum geðlækna fer stöðugt fjölgandi.“

En hvaða lausn er í sjónmáli? „Hún er kannski ekki augljós en við leitum fyrir okkur erlendis á þessu ári og auglýstum eftir geðlæknum og erum að bræða með okkur að auglýsa aftur. Tveir lækna voru ráðnir í maí og þeir taka þátt í teymisvinnu hér og nýtast þannig vel. Mikill hluti þjónustunnar er teymisvinna þar sem geðlækna, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, iðjuþjálfar og fleiri stéttir koma við sögu og við teljum það hafa gefið góða raun að fá þennan liðsauga frá útlöndum,“ segir hún.

Breytingin ekki hugsuð til enda

„En ljóst er að við þurfum að draga saman þjónustuna og færa verkefni til heilsugæslunnar. Enda eru teymin þar mun betur mönnum heldur en flest teymi geðþjónustu Landspítala. En til framtíðar þurfum við að eiga samtal við yfirvöld um hvernig við ráðum fram úr þessum skorti á sérfræðingum og öðrum fagstéttum enda má uppbygging á einu sviði ekki verða til þess að vandamál skapist á öðrum sviðum.“

Hún segir að gæta þurfi að því að geðheilbrigðiskerfið verði ekki stærra en takist að manna. „Samdráttur á Landspítala þýðir óhjákvæmilega að þjónustan við þá sem veikastir eru, með alvarlegustu geðsjúkdómum, skerðist og það er einmitt það sem er að gerast. Eflaust hefur það ekki verið ætlun stjórnvalda að málin þróuðust með þessum hætti en því miður hefur þetta ekki verið hugsuð til enda.“

Hlíðasmára 8
201 Kópavogi
sími 564 4104

Útgefandi
Læknafélag Íslands

Ritstjórn
Helga Ágústa Sigurjónsdóttir,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Berglind Jónsdóttir
Hulda María Einarsdóttir
Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir
Magnús Haraldsson
Margrét Ólafía Tómasdóttir
Ólafur Árni Sveinsson

Tölfræðilegur ráðgjafi
Sigrún Helga Lund

Ritstjórnarfulltrúi í leyfi
Védís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Staðgengill
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir
gag@lis.is

Blaðamenn
Anna Ólafsdóttir Björnsson
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir
Jóhannes Tómasson

Auglýsingar
Sólveig Jóhannsdóttir
solveig@lis.is

Umbrot
Margrét E. Laxness
melax@lis.is

Prófarkalestur
Aðalsteinn Eypörsson

Upplag
2000

Áskrift
21.900,- m. vsk.
Lausasala
2190,- m. vsk.



Prentun og bókband
Litróf
Vatnagördum 14
104 Reykjavík

Dreifing
Póstdreifing
Hádegismóum 2
110 Reykjavík

© Læknablaðið
Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdráttir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og HirsLuna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus. ISSN: 0023-7213